

# Tenglar 40 ára

Eftir Svein Rúnar Hauksson

Það var í febrúarmánuði árið 1966 að við Pétur Guðjónsson gengum á fund prófessors Tómasar Helgasonar, yfirráðsá Kleppi, til að kynna honum hugmynd okkar að félagslegu sjálfbæðastarfi á spítalanum. Við höfðum báðir nýverið snúið heim eftir ársdvöl sem skipti-nemar í Bandaríkjunum og áttum það sameiginlega áhugamál að virkja ungt fólk til samfélagslegrar ábyrgðar í slíku starfi.

Við bárum niður á Kleppspítalanum vegna tilfinningar okkar fyrir því að þar væri fólk hvað verst sett í samfélaginu. Fordómur og einangrun voru einatt hlutskipti þeirra sem þar dvöldu.

Tómas tók okkur fjarska vel og fól Gyfla Ásmundssyni sálfræðingi að hafa umsjón með starfi okkar innan veggja Kleppspítalans. Undirritaður var skipuleggjandi starfsins frá upphafi.

Við höfumst fjótlega handa með 12 manna tilraunahóp, völdum hópi nema í MR, bæði í einstaklings- og hópstarfi. Þar sem vel tókst til á fyrstu mánuðunum var fjölgað í rúmlega 50 manna hóp um haustið, þannig að einn 4–5 manna hópur tengdist hverri deild sjúkrahússins. Þá komu einnig til liðs við okkur nemendur úr Kennaraskólanum. Um var að ræða reglubundnar heimsóknir hvers hóps á sína deild, en jafnframt heimsóknir til einstaklinga. Í upphafi bar talsvert á því að slegið væri upp dansleik á deildunum og var þá gjarnan harmonikuleikari með í för, en síðar var fengið leyfi til að nota salinn og var þá komið á kvöldum unga fólksins á þriðjudögum og almennum kvöldvökum á fimmtudögum. Fjöldi vinsælla skemmtikrafta, söngvara og hlóm-sveita slóst í lið með okkur.

Þess var að vænta að það orð kæmist á starf TENGLA að við værum komin til að skemmta sjúklingum. Við reyndum að malda í mótt, ef eitthvað þá værum við komin til að skemmta okkur sjálfum með sjúklingum en aðalatriðið var að koma á mannlegum tengslum. Hugmyndafræðin varð smám saman til og við fundum orð til að lýsa hugsjónum okkar.

Markmið TENGLA var að rjúfa félagslega einangrun þeirra sem lokaðir voru á stofnunum, að slá á fordóma gagnvart geðsjúkum og að efla manngildi þeirra og virðingu.

Frá haustinu 1966 átti starfið eftir að breiðast út til fleiri stofnana. Má þar nefna geðdeild Borgarspítalans, Arnarholt og stofnanir fyrir þroskahefta.

Vorið 1968 tókust TENGLA á hendur viðamikil verkefni sem tengdist H-deginum 26. máí er breytt var yfir í hægri umferð. Það var Pétur Sveinbjarnarson hjá Umferðarráði sem leitaði til okkar og var Helgi heitinn Kristbjarnarson, einn af frumherjunum úr okkar hópi, ráðinn til að stjórna verkefninu. Það fólst í því að ná til fólks sem vistad var á stofnunum, þar á meðal fanga, til aldraðra, blindra, heyrnakertra og til annarra hópa í samfélaginu sem hin almenna umferðarfræðsla var ekki talin ná til. Líjóst má vera að hér þurfti mikinn mannafla til. Fram að þessu höfðu TENGLAR einkum sótt liðstyrk sinn til nemenda MR og Kennaraskólans en nú voru mörg okkar komin í Háskóla. Í millitíðinni var nýr menntaskóli kominn til sögunnar. Þar blésu ferskir vindar og gekk vel að safna liði í Menntaskólanum við Hamrahöll.

Samhlíða verkefninu fyrir Umferðarráð skipulagði Helgi könnun á högum aldraðra, sem framkvæmd var um leið og aldraðir fengu heimsókn vegna fræðslu fyrir hægri umferð. Þetta mun hafa verið fyrsta könnunin hérlendis á högum aldraðra.

## 8 daga geðheilbrigðisvika

Sumarið 1968 var unnið að undirbúningi viltækra fræðsluferðar sem naut stuðnings Styrktarfélags vangef-inna og Geðverndarfélags Íslands. Heiti hennar var 8 daga geðheilbrigðisvika – Verk að vinna: Byggjum geðeildir – menntum starfsfólk. Gefinn var út fræðslubæklingur til almennings sem nefndist Ég? með spurningum og svörum um geðsjúkdóma, og var honum dreift í hús. Fyrirlestrar voru í Háskólanum og

Markmið TENGLA var að rjúfa félagslega einangrun þeirra sem lokaðir voru á stofnunum, að slá á fordóma gagnvart geðsjúkum og efla manngildi þeirra og virðingu.

greinar í blöðum. Sýning var opnuð á verkum vangefina, eins og það hét þá. Farið var með starfsfræðslu í alla framhaldsskóla og þannig mætti lengi telja.

Segja má að starf TENGLA hafi náð hámarki á þessu ári en grunnstarfið á stofnunum átti eftir að halda áfram í nokkur ár enn. Hópurinn sem hélt því uppi hefur sennilega ekki verið nema um eitt hundrað manns en þegar allt er talið voru það fleiri hundrað ungmenni sem komu að starfi TENGLA.

## Virðing fyrir manngildi og mannréttindum

TENGLUM var yfirleitt vel tekið á deildunum, sérstaklega af hjúkrunarfræðingum. Gott starfsfólk sem var starfi sínu vaxið tók okkur líka vel, en vera kann að sumum hafi þótt

TENGLAR horfa óþægilega og gagnrýnið yfir öxlina á sér í samskiptum við sjúklinga. Í augnatilliti okkar fólst krafa um virðingu fyrir manngildi og mannréttindum sjúklinga. En TENGLAR voru ávallt boðnir velkomnir af sjúklingum og það skipti mestu.

Starf TENGLA færðist einnig út fyrir stofnanir og um tíma höfðum við aðstoðu hjá ITR á Frikirkjuvegi. Þar var veturinn 1968–69 komið á laggirnar Klúbbi á mánudagskvöldum, þar sem sjúklingar, fyrrverandi sjúklingar og TENGLAR áttu góðar stundir saman. Einnig voru stærri hátíðir haldnar í veislusölum út í bæ með kaffiveitingum, skemmtiatriðum, hljómsveit og dans. Árið 1969 var hafist handa um útvarpsendingar fyrir sjúklinga Borgarspítalans sem TENGLAR stóðu fyrir.

Undirritaður eyddi töluverðu af tíma sínum á Kleppi á þessum árum. Þegar að því kom að hann var lagður inn sem sjúklingur í ársbyrjun 1971 kom það ekki af sjálfu sér að fá viðurkenningu af sjúklingum sem slíkur. Sumir þeirra voru sannfærðir um að hér væri starf TENGLA einungis að færast á nýtt stig. Nú voru þeir að flytja inn á spítalann!

Spyrja má hvað starf TENGLA hafi skilið eftir sig. Þau verða seint í bókhald færð brosin og vináttuböndin sem urðu til, né þýðing þeirra fyrir þá sem teknir höfðu verið úr umferð og óbeint dæmdir til ævilangrar vistar á lokaðri stofnun eins og Kleppur var í hugum margra. Í þá daga var litið á geðklofa sem ólæknandi sjúkdóm og iðulega einangruðust slíkir sjúklingar algerlega. Með tilkomu TENGLA varð breyting á þessu og við sáum fólk útskrifast sem engin hefði gert ráð fyrir að ætti afturkvæmt til fjölskyldu sinnar eða út í samfélagið.

Þegar félagið Geðhjálp var stofnað árið 1979 voru ýmsir hvatamenn þess á því að hér væri verið að taka upp þráðinn þar sem TENGLAR slepptu. Eitt er vist að þótt starf TENGLA hafi lagnast út af um 1972 lifðu hugsjónirnar áfram, bæði í því fólk sem þar tók þátt, sem og meðal notenda geðheilbrigðisþjónustu og í samfélaginu almennt.

Stór hópur TENGLA átti eftir að hasla sér völl á sviði geðheilbrigðisþjónustu og starfsfræðslan sem hófst 1968 skilaði sínu. Þess má að lokum til gamans geta að við erum tvö úr hópi TENGLA sem sitjum í stjórn Geðhjálp, undirritaður sem varaformaður Geðhjálp og Svandís Sigurðardóttir ritari félagsins. Hugsjón TENGLA um að rjúfa félagslega einangrun geðsjúkra á enn erindi. Sömu sögu er að segja um baráttu gegn fordómum og fyrir mannréttindum. Þótt margt hafi áunnist er meira ógert. Það er verk að vinna.

Fyrrverandi félagar í starfi TENGLA halda upp á 40 ára afmæli TENGLA með kaffisamsæti hjá Geðhjálp á Túngötu 7 í dag, 1. apríl, kl. 16.

Höfundur er læknir.



Sveinn Rúnar Hauksson